

Mánudaginn 7. september 1992.

Nr. 315/1992. Samvinnulífeyrissjóðurinn

gegn

protabúi Kaupfélags Norður-Þingeyinga.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Forgangskrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 3. júlí 1992 með heimild í 2. mgr. 191. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Sóknaraðili krefst þess, að krafa sín, að fjárhæð 6.151.433 krónur, verði metin sem forgangskrafa í þrotabú varnaraðila, og til vara, að hluti kröfunnar, 2.719.922 krónur, verði metinn sem forgangskrafa í þrotabúið. Hann krefst málskostnaðar auk virðisaukaskatts úr hendi varnaraðila í öllum tilvikum.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar auk virðisaukaskatts í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, 50.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Samvinnulífeyrissjóðurinn, greiði varnaraðila, protabúi Kaupfélags Norður-Þingeyinga, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður skiptaréttar Þingeyjarsýslu 8. júní 1992.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann dag, var þingfest í skiptarétti Þingeyjarsýslu 6. desember 1990, en 21. janúar 1991 vék hinn reglulegi skiptaráðandi sæti í máli þessu, og 1. febrúar s. á. var skipaður setuskiptaráðandi.

Sóknaraðili máls þessa er Samvinnulífeyrissjóðurinn, og er lögmaður sóknaraðila Sveinn H. Valdimarsson hrl., og varnaraðili máls þessa er brotabú Kaupfélags Norður-Þingeyinga, og fer Björn Jósef Arnviðarson hdl., sem er bústjóri varnaraðila, með forsvar málsins.

Krafa sóknaraðila er, að 6.151.433 kr. verði metnar sem forgangskrafa í bú varnaraðila, og til vara er þess krafist, að hluti kröfunnar, alls 2.719.922 kr., verði talinn forgangskrafa í bú varnaraðila. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila skv. gjaldskrá LMFÍ og að mati réttarins auk virðisaukaskatts.

Krafa varnaraðila er sú, að hafnað verði aðalkröfu sóknaraðila og staðfest sú afstaða varnaraðila, að aðalkrafa sóknaraðila teljist almenn krafa í búið. Varakröfu sóknaraðila hafnar varnaraðili að öðru leyti en því, að hann fellst á, að viðurkennd verði sem forgangskrafa í búið iðgjöld til sóknaraðila í nóvember 1988, 270.135 kr., í desember s. á. 240.763 kr., iðgjöld í september 1989 10.265 kr. og dráttarvextir 1989 63.938 kr. Alls samþykkir varnaraðili sem forgangskröfu 585.101 kr.

Sóknaraðili sundurliðar aðalkröfu sína, sem er lífeyrissjóðsiðgjöld varnaraðila og óumdeilt er, að sé forgangskrafa í búið sem slík, þannig:

Iðgjöld fyrir sept.-des. 1987	kr. 890.124
Vextir til 29. 6. 1990	kr. 1.198.295
Iðgjöld jan.-des.1988	kr. 2.191.895
Vextir til 29.6. 1990	kr. 1.796.916
Iðgjöld 1. 11. 1988 - 30. 4. 1990	kr. 10.265
Vextir á sama hátt	kr. 63.938
	Kr. 6.151.433

Varakröfu sína sundurliðar sóknaraðili tölulega þannig:

Iðgjöld 1. 11. 1988 - 30. 4. 1990	kr. 1.969.720
Vanskilavextir frá gjalddaga iðgjalds til 29. 6. 1990	kr. 750.202
	Kr. 2.719.922

Verða nú raktar málsástæður og lagarök aðila svo og atvik, eins og málið gefur tilefni til.

Kaupfélag Norður-Þingeyinga tryggði starfsmenn sína hjá sóknaraðila, en aðdragandi að gjaldþroti varnaraðila er svofelldur af hans hálfu:

A. Lögð fram beiðni um greiðslustöðvun	19. 12. 1988
B. Úrskurður um greiðslustöðvun í 3 mán. uppkv.	20. 12. 1988
C. Greiðslustöðvun framlengd til	20. 4. 1989
D. Lögð fram beiðni um nauðasamninga	17. 4. 1989

E. Úrskurður um heimild til nauðasamninga	12. 5. 1989
F. Nauðasamn. staðfestur af skiptaráðanda	6. 12. 1989
G. Lögð fram beiðni um gjaldþrotaskipti	21. 5. 1990
H. Upp kveðinn úrskurður um gjaldþrot	29. 6. 1990

Sóknaraðili telur, að skv. þessum dagsetningum, sem eru óumdeildar, sé frestdagur vegna búskiptanna 19. desember 1988, og njóti því kröfur sínar forgangs 18 mánuði aftur í tímann frá þeim degi og vísar í því sambandi til 1. gr. 1. tl. laga nr. 6, 1978, um gjaldþrot, sbr. skiptalög nr. 3, 1878, 8. kafla. Um nánari rökstuðning fyrir aðalkröfu sóknaraðila vísar hann, eins og áður greinir, til 1. gr. gjaldþrotalaga. Í staflað a greinarinnar segi, að frestdagur merki þann dag, þegar skiptaráðandi fær ósk eða kröfu um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti, og í lok tölu-liðarins segi svo: Ef fleiri dagar en einn geta verið frestdagar, skal hinn fyrsti þeirra vera það. Í 2., 3. og 4. tl. 1. gr. sé síðan fjallað um, hvort eitthvað geti breytt því, hvað réttilega ætti að teljast fyrsti frestdagur. Í ljósi þessarar greinar telur sóknaraðili einsýnt, að frestdagur í máli þessu sé 19. 12. 1988, þ. e., þegar beiðni um greiðslustöðvun var lögð fram, sbr. 2. tl. Eðlilegt framhald sé í þessu máli á milli 2. og 3. tl. 1. gr. (á milli greiðslustöðvunar og nauðasamninga) og einnig á milli 3. og 4. tl. (á milli nauðasamninga og gjaldþrots), og leiði því allt til sömu niðurstöðu um frestdaginn. Sóknaraðili vekur sérstaklega athygli á orðalagi 3. tl. greinarinnar um, hvað geti valdið því, að móttökudagur beiðni um nauðasamninga teljist ekki frestdagur, en þau tilvik, sem þar eru upp talin, eigi ekki við um mál þetta. Sama gildi um 46. gr. laga um nauðasamninga nr. 19, 1924. Þar sé talað um „lok nauðasamninga“, sem í þessu máli hefðu átt að þýða, þegar nauðasamningum hefði verið fullnægt, eða þá daginn, sem sett var fram ósk um gjaldþrotaskipti. Í þessu sambandi beri til þess að líta, að þar sem bera kunni á milli laga um nauðasamninga og gjaldþrotalaga, gildi yngri lögin.

Varakröfu sína styður sóknaraðili þeim rökum, að teljist frestdagurinn ekki 19. 12. 1988, geti ekki verið um annan frestdag að ræða en 21. 5. 1990, er beiðni var fram lögð um gjaldþrotaskipti, og þar með hljóti iðgjaldaskuldir síðustu 18 mánuði fyrir þann tíma að teljast til forgangskrafna.

Sóknaraðili vekur athygli á dskj. nr. 10-13, sem eru bókhaldsgögn hans, þar sem fram koma greiðslur varnaraðila til sóknaraðila árabilið 1987 til 1990. Sóknaraðili telur það rétta bókhaldsfærslu að telja inngreiðslur í raun minnka elstu skuldir, þó að hann hafi með fyrirvara lýst kröfunni á annan hátt í upphaflegri kröfulýsingu sinni frá 18. 9. 1990, enda þótt bókhaldsgögnin sýni uppgjörsmáta aðila á annan hátt.

Varnaraðili mótmælir þeirri málsástæðu sóknaraðila, að frestdagur í máli þessu sé 19. 12. 1988, og telur, að annar frestdagur en 21. 5. 1990 komi

ekki til greina. Byggir hann afstöðu sína á 1. gr. gjaldþrotalaganna, þar sem segi í 1. tl., hverjir séu mögulegir frestdagar, og jafnframt segi í loka-málgrein, að ef fleiri en einn þessara daga gæti verið frestdagur, skuli hinn fyrsti þeirra vera það. Að mati varnaraðila séu hér forsendur fyrir túlkun greinarinnar, því að í tl. 2 og 3 sé því svarað, hvað þurfi til að koma, svo að móttökudagur greiðslustöðvunarbeiðni eða nauðasamningabeiðni gæti talist frestdagur. Er þetta sé skoðað, megi ljóst vera, að ef ákvæðum þessum væri beitt, þyrfti að vera til staðar stöðugt samhengi í meðferð mála þrotamanns fyrir skiptarétti, áður en til gjaldþrots kæmi. Sé samhengi þetta byggt á því, að eitt stig taki við af hinu næsta á undan innan þriggja vikna, svo að keðjan rofni ekki. Þannig þurfi krafa um nauðasamninga eða gjaldþrot að koma fram innan þriggja vikna, eftir að lögverkun greiðslustöðvunar lýkur skv. 2. tl., og gjaldþrotaskiptakrafa þurfi að koma fram innan þriggja vikna, eftir að krafa um nauðasamninga var afturkölluð, henni hafnað eða nauðasamningatilraunum var hætt. Einmitt í þessu máli slitni keðjan á þessum punkti, því að ekkert það gerist, sem 3. tl. greini. Þvert á móti hafi nauðasamningar náðst og verið staðfestir af skiptaráðanda 6. desember 1989. Verði að skýra 1. gr. gjaldþrotalaganna sem eina heild, sem byggist á því, að einn hlekkur taki við af öðrum. Vegna þess að undan-gengnar ráðstafanir hafi mistekist og atburðarásin leiði til gjaldþrots, þannig að einn þáttur taki við af öðrum innan þriggja vikna, frá því að í ljós kom, að næsti hlekkur á undan í keðjunni brast. Hér í þessu falli hafi hins vegar náðst nauðasamningar, og gjaldþrotabeiðni hafi ekki borist skiptaráðanda fyrr en 5 1/2 mánuði síðar, þ. e. 21. maí 1990, sem varnaraðili segir, að sé ótvírætt frestdagur í máli þessu. Varnaraðili bendir á, að ef fallist væri á sjónarmið sóknaraðila og lögskýring hans viðurkennd, væru engin sjáanleg takmörk fyrir því, hve langur tími mætti líða frá nauðasamningi, þar til er gjaldþrotaskipta væri krafist, án þess að frestdagur breyttist. Slíkt myndi valda réttaróvissu og glundroða, sem hafi ekki getað verið ætlun löggjafans. Rök varnaraðila fyrir höfnun varakröfu sóknaraðila að öðru leyti en því, sem varnaraðili hefur fallist á, byggir hann á þeim gögnum, er sóknaraðili hefur sjálfur lagt fram, þ. e. dskj. nr. 10, 11 og 12, þar sem fram komi, að Kaupfélag Norður-Þingeyinga hafi greitt sóknaraðila iðgjöld skv. skilagreinum árið 1989 til aprílloka 1990 fyrir utan þær fjárhæðir, sem varnaraðili hefur samþykkt og fram koma á dskj. nr. 1 sem málsskjal, þ. e. bréf sóknaraðila, dags. 17. ágúst 1990. Um hafi verið að ræða greiðslur skv. skilagreinum fyrir tiltekin iðgjaldatímabil þessara ára, og hafi þau verið kreditfærð þannig í bókhaldi sóknaraðila, að því er séð verði, athugasemdalaust, meðan eldri skuldir stóðu óhreyfðar. Megi því ljóst vera, að aðilar hafi verið sammála um, að hér hafi verið um að ræða greiðslu nýrra iðgjalda, en ekki verið að greiða upp í eldri skuldir.

Í upphaflegri kröfulýsingu sóknaraðila sé líka á þessu byggt og engum kröfum lýst fyrir árin 1989 og 1990. Að visu geri sóknaraðili fyrirvara um þetta atriði í kröfulýsingu sinni, en ekki sé unnt að fallast á, að honum sé þrátt fyrir það heimilt að breyta síðar einhliða forsendum kröfugerðar sinnar, þar sem ljóst sé, að skuldarinn hafi verið að greiða tilteknar skuldir og kröfuhafa þá ekki heimilt skv. almennum reglum kröfuréttarins að taka slíkar tilteknar greiðslur til greiðslu annarra skulda skuldarans. Í þessu falli eigi þessi meginregla við um kröfugerð sóknaraðila.

Alit dómsins.

Um þá kröfu sóknaraðila, að frestdagur í máli þessu skuli vera 19. 12. 1988, er þrotamaður beiddist greiðslustöðvunar, fellst dómurinn ekki á það sjónarmið hans. Eins og gangur mála er rakinn hér að framan, áður en gjaldþrota var óskað 21. 5 1990, lauk greiðslustöðvuninni frá 19. 12. 1988 með staðfestingu skiptaráðanda á nauðasamningi 6. 12. 1989. Skv. 22. gr. laga nr. 19, 1924, um nauðasamninga, sbr. 46. gr. sömu laga, hafa nauðasamningar sömu réttarverkun og dómsátt væri milli skuldunautar og samningsmanns, ef kröfur hafa verið viðurkenndar í nauðasamningnum. Í þessu tilfelli hefur því komist á samningur um skuldaskil milli skuldarans og kröfuhafa við staðfestingu nauðasamningsins 6. 12. 1989, og var því upp hafin réttarverkunin frá greiðslustöðvuninni 19. 12. 1988, og er því ekki fallist á sjónarmið sóknaraðila um túlkun á 1. gr. gjaldþrotalaganna nr. 6, 1978, um upphaf frestdags, heldur verður að miða frestdaginn við þann dag, sem skiptaráðandi fær ósk um gjaldþrotaskipti, sbr. a-lið 1. mgr. 1. gr. gjaldþrotalaga, þ. e. 21. maí 1990. Samkvæmt þessu er því ekki fallist á aðalkröfu sóknaraðila.

Kemur þá til athugunar varakrafa sóknaraðila með tilliti til niðurstöðu um frestdaginn. Eins og sóknaraðili setur kröfu sína fram, þ. e. ógreidd iðgjöld tímabilið 1. 11. 1988 til 30. 4 1990, 1.969.720 kr., auk vanskilavaxta frá gjalddaga til 29. 6. 1990, 750.202 kr., ber á það að líta, að skv. dskj. nr. 10-12, þ. e., bókhaldsgögnum sóknaraðila, hefur gjaldþroti staðið í skilum við sóknaraðila síðustu 18 mánuði fyrir frestdag að undanskildum þeim tölulegu leiðréttingum, sem fram eru komnar og vanaraðili samþykkir.

Verður að fallast á sjónarmið varnaraðila, að sóknaraðila sé ekki stætt á því að krefja um greiðslu tiltekinna skulda, sem gjaldþroti hefur greitt síðustu 18 mánuði fyrir frestdag, og telja þær greiðslur hafa gengið til greiðslu eldri skulda gjaldþrota við sóknaraðila, þrátt fyrir það að bókhaldsgögn sóknaraðila beri nákvæmlega með sér, hvaða skuldir voru greiddar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er því viðurkennd sem forgangskrafa í

þrotabú Kaupfélags Norður-Þingeyinga krafa sóknaraðila, Samvinnulífeyrissjóðsins, að fjárhæð 585.101 kr. Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðili um sig beri málskostnað.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari, setuskiptaráðandi í máli þessu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennd er sem forgangskrafa í þrotabú Kaupfélags Norður-Þingeyinga krafa Samvinnulífeyrissjóðsins, að fjárhæð 585.101 kr. Málskostnaður fellur niður.
